

# Reglur um launalaus leyfi starfsmanna Garðabæjar

## 1. gr.

Bæjarstjórn veitir forstöðumönnum stofnunar heimild til að veita starfsmönnum leyfi án launa í allt að 30 vinnudaga á hverju almanaksári. Starfsmaður sækir skriflega um leyfið á þar til gerðu eyðublaði sem forstöðumaður áritar og sendir að því loknu til mannauðsdeildar.

## 2. gr.

Bæjarstjórn heimilar bæjarstjóra að veita starfsmönnum leyfi án launa í allt að 12 mánuði enda liggja til þess ríkar ástæður sem starfsmaður tilgreinir skriflega, s.s. framlenging á fæðingarorlofi, sérstakar fjölskylduástæður og framhaldsnám. Heimilt er að veita starfsmönnum leyfi samkvæmt þessum tölulíð vegna tímabundinnar ráðningar í annað starf enda sé það mat forstöðumanns að slíkt raski ekki starfsemi viðkomandi stofnunar.

## 3 gr.

Sæki starfsmaður um leyfi án launa til lengri tíma en tilgreint er í 1. grein skal hann sækja um það á þar til gerðu eyðublaði og skila umsókninni ásamt umsögn forstöðumanns stofnunar til mannauðsdeildar.

## 4. gr.

Starfsmaður sem óskar eftir launalaus leyfi umfram 3 mánuði þarf að hafa 5 ára starfsaldur hjá Garðabæ.

## 5. gr.

Launalaust leyfi er óheimilt að veita til lengri tíma en 12 mánaða.

## 6. gr.

Ganga skal skriflega frá ráðningu starfsmanns sem ráðinn er í stað þess sem veitt er launalaust leyfi og skal þess sérstaklega gætt að ráðningin sé tímabundin og henni sé slitið án uppsagnar.

Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar  
17. mars 2016  
Guðjón Erling Friðriksson,  
bæjarritari